

# Leikskólinn Tjarnarbær

## Ársskýrsla



Frá ágúst 2018 til júlíloka 2019

## **Inngangur**

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarfið í leikskólanum Tjarnarbæ fyrir skólaárið 2018 - 2019.

Leikskólinn Tjarnarbær hóf starfsemi sína þann 12. apríl 1983 en var formlega vígður þá um sumarið, af þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísí Finnbogadóttur.

Tjarnarbær er staðsettur á fallegum stað í þorpinu og við hliðina á skólanum er tjörn sem hann dregur nafn sitt af. Stutt er í náttúrulegt umhverfi og einnig er stutt í sundlaug og íþróttahús.

Leikskólinn er byggður sem tveggja deilda leikskóli og er rými fyrir 40 börn. Er önnur deildin er skipulögð fyrir yngri börnin en hin fyrir þau eldri. Deildarnar bera nöfn sín af fjöllum tveimur sem umlykja fjörðinn okkar, Spilli og Gelti.

## **Hagnýtar upplýsingar um skólann**

Á Tjarnarbæ er boðið upp á vistun frá kl. 7:45 – 16:15. Boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma, 4 - 8 klst.

Heimilisfang skólans er: Túngata 11, 430 Suðureyri.

Símanúmer: 450 8290 - gsm: 896 7991

Leikskólastjóri: Svava Rán Valgeirsdóttir, tjarnarbaer@isafjordur.is

Deildarstjóri: Lilja Einarisdóttir, liljaei@isafjordur.is

Aldurssamsetning barna á síðasta skólaári var frá 1 árs til 6 ára.

Á síðasta skólaári voru 21 börn á haustönn, 20 börn á vorönn, 21 börn á sumarönn, auk þess sem fimm börn voru e.h. í dægradvöl. Á Tjarnarbæ eru tvær deildir, Göltur og Spillir. Á Gelti eru yngstu börnin frá eins til þriggja ára og á Spilli eru eldri börnin frá þriggja til sex ára, auk þess sem grunnskólabörn eru í dægradvöl eftir hádegi.

### **Starfsfólk / Fjöldi kennara**

Leikskólinn var vel mannaður af fagfólki á sl. starfsári, tveir leikskólakennarar, einn með B.Ed í grunnskólafræðum og einn leikskólaliði. Auk þess að vera með tvo starfsmenn sem hafa góða reynslu af leikskólastarfi.

Listi yfir þá starfsmenn sem störfuðu í leikskólanum sl. starfsár:

Svava Rán Valgeirsdóttir, leikskólastjóri 100%

Lilja Einarsdóttir, deildarstjóri 100%

Emilía Agata Górecka, matráður 93.7%

Jóna Margrét Valgeirsdóttir 100%

Kristín Ósk Egilsdóttir 100%

Aldís Jóna Haraldsdóttir 65%

Þórunn Ólafsdóttir 35% (hætti um áramótin)

Anna Szablowska, ræsting

Monika Tyszkiewicz, ræsting

### **Stöðugildi**

Stöðugildi við leikskólann voru 5,9375. Um áramót hætti starfsmaður sem var í 35% stöðu, ekki tókst að ráða í stöðuna og tók leikskólastjóri að sér þá vinnu. Stöðugildi við skólann fara eftir fjölda barna í skólanum hverju sinni.

### **Hreyfingar**

Aldís Jóna Haraldsdóttir óskaði eftir því að fá að hækka starfshlutfall sitt upp í 65% starf, en hún vannur einnig við Grunnskólann á Suðureyri. Þórunn Ólafsdóttir var þá ráðin í 35% starf á móti, um áramótin sagði hún upp starfi sínu. Ekki tókst að ráða inn starfsmann á vorönn í þetta stöðugildi. Leikskólastjóri var því með fasta viðveru inni á deild í 35% starfi.

### **Skipulags- og námskeiðsdagar**

- Skipulagsdagur 7. september: „Hversu góður er leikskólinn okkar“ námskeið sem fjallar um sjálfsmat skóla og kynntar þær leiðir sem hægt er að nýta sér í þeirri vinnu.
- Námskeiðsdagur 5. október. Boðið var upp á þrjá fyrirlestra, Bryndís Gunnarsdóttir leikskólakennari á Sólborg og doktorsnemi, var með fyrirlestur um mikilvægi tengslamyndunar barna, félagsfærni og vináttu. Guðlaug Júlíusdóttir félagsráðgjafi og deildarstjóri barnaverndar fjallaði um geðheilbrigði barna. Að lokum var Baldur Ingi Jónasson mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar með hópefli fyrir starfsmenn. Allt voru þetta

áhugaverðir og góðir fyrirlestrar. Eftir hádegi unnum við að skipulagi haustannar í leikskólanum okkar.

- Skipulagsdagur 2. janúar. Var nýttur til að endurmeta starf haustannar og til þess að skipuleggja starfið á vorönn.
- Skipulagsdagur 26. apríl. Um var að ræða sameiginlegan námskeiðsdag leikskólans og Grunnskólans á Suðureyri, en við erum að vinna saman að þróunarverkefni um málþroska og læsi er ber nafnið **Náum betri árangri saman**. Kennarar á námskeiðinu voru Þórunn Sæunn Úlfadóttir talmeinafræðingur og Sigrún J. Baldursdóttir kennsluráðgjafi. Báðar vinna þær hjá Miðju máls og læsis sem Reykjarvíkurborg starfrækir.
- Starfsmannafundir voru fjórir yfir árið og voru haldnir frá kl 13:00 – 16:00 á föstudögum. Tímasetning þessi er í samráði við foreldraráðið. Á starfsmannafundum eru rædd þau mál er liggja fyrir á næstunni, þeir eru nýttir til að ræða barnahópinn og endurmeta ákveðna þætti í starfsemi leikskólans.

### Nám, námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsmenn

- Aldís Jóna Haraldsdóttir sótti námskeið fyrir öryggis- og trúnaðarmenn á vinnustöðum og jafnframt fór hún á Workplace námskeið fyrir leikskólann. Einnig fór hún á markmiðssetningarnámskeið sem var haldið á Spáni.
- Emilia Agata Górecka fór á námskeið fyrir matráða.
- Lilja Einarsdóttir fór á Vináttunámskeið hjá Barnaheillum, en um er að ræða forvarnarverkefni gegn einelti í leikskólum. Einnig sótti hún fræðslufund um Karellen sem haldinn var í gegnum fjarfundabúnað á Ísafirði.
- Svava Rán Valgeirsdóttir fór á námskeiðið Starf sérkennslustjóra sem var haldið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Hún sótti ráðstefnu sérkennara sem haldin var á Grand Hoteli í Reykjavík. Hún tók einnig þátt í fjarfundi um áhættumat vegna nýrra persónuverndarlaga.
- Kristín Ósk Egilsdóttir og Emilia Agata Górecka fóru á námskeiðið Samskipti á vinnustað sem Fræðslumiðstöðin hélt.

- Jóna Margrét Valgeirsdóttir og Emilia Agata Górecka fóru á námskeið hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Markmið með þessu námskeiði var m.a. að fara yfir og greina fræðslu- og endurmenntunarþörf starfsmanna Ísafjarðarbæjar.
- Svava Rán Valgeirsdóttir og Lilja Einarsdóttir fóru í námsferð til Brighton í Englandi, en um var að ræði bæði námskeið og heimsókn í leikskóla þar.
- Allir starfsmenn leikskólans sátu fræðslufund um nýju persónuverndarlögin en fundurinn var haldinn á Grænagarði Flateyri.
- Á námskeiðsdegi var boðið uppá þrjá fyrirlestra með Bryndísi Guðmundsdóttur, Guðlaugu Júlíusdóttur og Baldri Inga Jónassyni.
- Allir starfsmenn fóru á námskeið hjá Þórunni Sæunni Úlfisdóttur talmeinafræðingi og Sigrúnu J. Baldursdóttir kennsluráðgjafa. Námskeiðið var um orðaforðakennslu með börnum.
- Við fengum heimsókn frá Menntamálstofnun en Hulda Karen Daníelsdóttir sérfræðingur í Íslensku sem annað mál kom og hitti okkur.
- Allir starfsmenn fóru á námskeiðið „Hversu góður er leikskólinn okkar“ sjálfsmat leikskóla og hvaða leiðir er hægt að fara í því.

### **Skýrsla um skólahald starfsárið 2018– 2019**

Núna er enn eitt skólaárið liðið, skemmtilegt og krefjandi að vanda. Um helmingur barnanna var af erlendum uppruna og eiga rætur að rekja til fimm landa. Það er virkilega gaman og gefandi að starfa með börnum sem hafa ólíkan bakgrunn, sjá hvernig allir geta unnið vel saman og verið vinir í leikskólanum.

Starfsmannahald var nokkuð stöðugt en þó var meira um veikindi en áður. Einn starfsmaður óskaði eftir því að hækkað yrði stöðugildi við sig úr 50% og upp í 65%. En starfsmaður sem hafði deilt 50% stöðu á móti henni hætti í skólanum sumarið 2018. Við það vantaði okkur starfsmann í 35% stöðu við skólann og náðum við að ráða í stöðuna í október. Eftir áramót hætti síðan viðkomandi starfsmaður og ekki tókst að ráða í stöðuna aftur. Það var því undirmönnun alla vorönnina og við það skapaðist nokkuð álag. Leikskólastjóri var með fasta viðveru inná deild í 35% stöðu, en þegar veikindi eða frí bættust við þá var alltaf undirmönnun. Það var því nokkuð mikið um undirmönnun á starfsárinu vegna langvarandi veikinda hjá starfsmönnum og einnig eiga allir starfsmenn 9 - 14 orlofsdaga umfram lokun leikskólans.

Aðeins eitt barn byrjaði hjá okkur um haustið, en það var barn frá Ísafirði sem hætti síðan um áramótin þegar það fékk pláss á leikskóla á Ísafirði.

Lilja Einarsdóttir deildarstjóri flutti sig yfir á eldri deildina og var á þeirri deild ásamt Aldísi Jónu Haraldsdóttur. Jóna Margrét Valgeirsdóttir og Kristín Ósk Egilsdóttir störfuðu á yngri deildinni.

Fjöldi barna var svipaður og verið hefur undafarin ár eða um 20 börn. Á Gelti voru 6 - 7 börn en á Spilli voru þau 14. Fjöldi barna var á haustönn 21, á vorönn 20 og 21 á sumarönn.

Unnið var eftir starfsáætlun sem gerð var sameiginlega af starfsmönnum skólans og gekk nokkuð vel að fylgja henni eftir. Haldið var áfram að vinna með verkefnið Stillum saman strengi sem er átaksverkefni um lestur og stærðfræði í öllum leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar. Þetta er fjórða árið sem þetta verkefni er í gangi hjá okkur og því komin nokkur reynsla á það. Í ár var ákveðið að útvíkka verkefnið og fara í samvinnu við grunnskólann á staðnum. Vildum við beina sjónum að tvítyngdum börnum en stór hluti barnanna á Suðureyri er af erlendum uppruna. Verkefnið mun koma inn á orðaforðakennslu og erum við þá að huga að auknum orðaforða allra barna. Þegar hlutfall tvítyngdra barna er orðinn um 50% getur það einnig haft áhrif á orðaforða eintyngdu barnanna og orðaforði þeirra rýr og fábrotinn. Markmiðið með verkefninu er því að styrkja báða hópana og koma til móts við hvert og eitt barn á sínum forsendum. Verkefnið mun fara af stað næsta haust en undirbúningur að því var sameiginlegur námskeiðsdagur leik - og grunnskólans þar sem farið var yfir hvernig huga megi að því að bæta orðaforðakennslu í starfi með börnum.

Í vetur vorum við með málörvunarstundir í hverri viku og var börnunum skipt upp í þrjá hópa eftir aldri. Notast var við kennsluefnið, Lubbi finnur málbein og voru stundirnar því kallaðar Lubbastundir. En Lubbi er stór bangsahundur sem á heima á báðum deildum.

Einnig var unnið með Orðaspjall en á hverjum mánudegi velja börnin tvö orð sem hljóma framandi, farið er yfir hvað þau þýða og síðan kjósa börnin hvort orðið verði orð vikunnar. Orð vikunnar fer síðan uppá vegg og er markmiðið að kennarar, foreldrar og börnin noti síðan orðið markvisst alla vikuna. En þannig festum við orðið og merkingu þess í orðaforða barnanna. Dæmi um orð vikunnar í vetur voru: ólmast, rýna, gráðugur og léttur á fæti.

Bangsinn Verónika fór einnig í heimsóknir heim til barnanna. Um er að ræða málörvunarverkefni, sem felst í því að börnin taka heim með sér tösku sem í eru þrjár - fjórar bækur, dagbók og bangsinn Verónika. Foreldrar lesa bækurnar fyrir börn sín og skrifa í dagbókina á sínu tungumáli, það sem hefur gerst yfir helgina á meðan Verónika var í heimsókn. Boðið er upp á bækur á móðurmáli allra barnanna. Þetta er verkefni sem börnin hafa haft gaman að og eru spennt að fá að bjóða Veroniku heim með sér. Markmiðið með þessu er að hvetja til

lesturs með börnunum heima og einnig gafst börnunum tækifæri til að kynna sína heimamenningu í leikskólaum.

Á síðasta starfsári var boðið upp á móðurmálskennslu fyrir börn af tælenskum og pólskum uppruna. Thitikan Janthawong var með tænskú kennslu einu sinni í viku og hefur Klofningur ehf styrkt þá kennslu. Einnig hefur Emilía sem er matráður hjá okkur verið með móðurmálskennslu einu sinni í viku fyrir börn af pólskum uppruna. Við teljum að þessi móðurmálskennsla hafi verið að gera börnunum gott og sjáum við miklar framfarir hjá þeim.

Í vetur byrjuðum við að vinna með verkefnið *Vinátta* en það er forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti í leikskólum. Um er að ræða námsefni sem ætlað er börnum, foreldrum og starfsfólki. Efnið er danskt að uppruna og heitir á frummálinu *Fri for Mobberi*. Verkefnið virkaði vel fyrir börnin og einnig voru kennarar ánægðir með kennsluefnið. Öll börnin á eldri deildinni fengu sinn eigin bangsa sem ber nafnið Blær. Börnin gátu sótt bangsann sinn þegar þeim leið illa eða bara þegar þeir vildu knúsa hann og hafa hjá sér.

Á síðasta starfsári var skólinn tekinn í gegn að innan, skipt var um allar hurðir og við fengum glerhurðir inni á deildum. Skipt var um gólfdukk og hiti settur í gólfið á yngri deildinni sem er mjög gott fyrir yngri börnin sem eru mikið að leika sér á gólfinu. Húsið var málað að hluta til að innan og klárað var að setja nýjar plötur í loftin, jafnframt var elstu ljósunum skipt út. Það tókst þó því miður ekki að klára þessa vinnu í lokun leikskólans og þurftum við því að færa starfsemi skólans yfir í grunnskólann í tvo daga. Gekk það bara vel og má það þakka jákvæði foreldra, barna og starfsfólks. Mikil ánnægja er með þessar endurbætur í leikskólanum, allt miklu bjartara og loftgæði betri.

Í mars á þessu ár var staðfestur grunur um myglu uppi á háalofti skólans. Í kjölfar þess var ástandið metið og talið var nauðsynlegt að skipta út öllu timbri í mæni hússins og jafnframt að skipta um gafla á lofti hússins, þeir eru orðnir mjög fúnir. Ekki var unnt að fara strax í þessar framkvæmdir og var ákveðið að það yrði gert í lokun skólans. Myglan er staðbundin í mæni á þakinu og voru gerðar ráðstafanir til þess að öruggt væri að vera í skólanum þar til farið væri í þessr framkvæmdir. M.a. var settur upp blásari sem blæs öllu lofti út úr húsinu af loftinu og jafnframt var öll umferð um háaloftið bönnuð.

## Starfsmarkmið fyrir skólaárið 2018 – 2019

1. Vináttuverkefni Barnaheilla
2. Lestur og ritmál
3. Stærðfræði
4. Barnafundir

### 1. Vináttuverkefni barnaheilla

Á síðasta ári var ákveðið að vinna markvisst að því að byggja upp góð samskipti og góð félagsleg tengsl allra barnanna í leikskólanum. Við teljum að mikilvægt sé að börnin læri að við erum öll ólík, engir tveir eru eins og að allir eiga að hafa jafnan rétt. Bakgrunnur barnanna í leikskólanum er mjög ólíkur og er hlutfall barna af erlendum uppruna mjög hátt. Börnin þurfa að læra að meta kosti og styrkleika annarra og að koma öðrum til hjálpar á því sviði sem þeir eru ekki eins sterkir. Lögð er áhersla á umburðarlyndi og skilning á sérstöðu einstaklinga. Til að vinna að þessum markmiðum okkar var ákveðið að kaupa kennsluefni sem Barnaheill gefur út og nefnist Vinátta - Fri for Mobberi, forvarnarverkefni gegn einelti fyrir börn á leikskólaaldri. Um er að ræða myndaspjöld þar sem ýmsar félagslegar aðstæður eru skoðaðar og börnin fá tækifæri til að ræða myndirnar og setja sig í spor hvers annars. Spurningar eins og „hvernig heldur þú að þessum líði, hvernig myndi þér líða ef einhver kæmi svona fram við þig, hvernig er hægt að leysa þetta vandamál?“. Verkefnið virkaði vel fyrir börnin og einnig voru kennarar ánægðir með kennsluefnið. Öll börnin á eldri deildinni fengu sinn eigin bangsa sem ber nafnið Blær. Börnin gátu sótt bangsann sinn þegar þeim leið illa eða bara þegar þau vildu knúsa bangsann og hafa hann hjá sér.

**Matstæki:** Félagskönnun og skráning á vali barnanna.

**Endurmat:** Félagskönnun var lögð fyrir börnin á haust- og vorönn og kom hún vel út. Með því að leggja könnunina fyrir fengum við ákveðnar vísbendingar um barnahópinn. Við máttum það þannig að ákveðin börn hefðu veikari stöðu innan hópsins og var þeim gefinn ákeðinn gaumur. Töldum við því rétt að styrkja félagsþroska hjá nokkrum börnum innan hópsins. Tveir starfsmenn fóru á námskeið Barnaheilla til að fá réttindi til að vinna með námsefnið þeirra. Fyrirhugað er að senda fleiri starfsmenn á námskeið Barnaheilla.

### 2. Lestur og ritmál

Haldið var áfram að vinna með lestur og ritmál á fjölbreyttan hátt. Við notuðum markvisst kennsluefnið „Lubbi finnur málbein“ en í því kennsluefni er lögð áhersla á hljóð stafanna.



Kennsluefnið var notað bæði í hópastarfi, málörvunartímum og samverustundum. Krakkarnir eru mjög ánægðir með Lubba efnið og hundurinn Lubbi er mjög vinsæll hjá þeim. Orðaspjall var notað í sögustund, en þá er ákveðið orð tekið út úr sögunni og notað á fjölbreyttan hátt í vikunni. Þessi aðferð var að nýttast mjög vel til þess að bæta markvisst við orðaforða barnanna og fá þau til að nota ný orð sem þau læra. Orðmyndir á móðurmáli allra barnanna var gert sýnilegt og líka stafir. Við vorum dugleg að bjóða upp á efnið sem hvetur til málörvunar og læsis. I-padinn var nýttur til málörvunar og börnin fengu aðgang að málörvunar-öppum.

**Matstæki:** Orðaskil, Hljóm-2 próf, EFI- málþroskapróf. Gátlistar fyrir hvern aldurshóp.

**Endurmat:** Verkefnið gekk vel og við fundum fyrir framförum og meiri áhuga hjá börnunum, sérstaklega í sögulestri. Einnig var mikill áhugi hjá þeim varðandi orð vikunnar og voru þau dugleg að gera orðin merkingarbær. Það sem við vildum hafa gert bettur er að nýta I-padinn meira til sögugerðar og jafnvel til stuttmynda. Hafa kennarar áhuga að tileinka sér það betur. Við vorum ánægð með að á síðasta skólaári gátum við boðið börnunum upp á móðurmáls-kennslu í pólsku og tælensku. Það styrkti mjög stöðu þessara barna og hafði þau áhrif að þau voru áhugasamari og opnari í öllum samskiptum.

### 3. Stærðfræði

Við unnum á síðasta starfsári með stærðfræði, talningu, samlagningu og frádrátt, hugtök og form. Þessi vinna var samtvinnuð við allt starf okkar, í útináminu, við matarborðið, í hópastarfinu o.s.frv. Áhersla var lögð á að spila með börnunum og einnig að þau ynnu verkefni sem krefjast þess að þau noti þekkingu sína í stærðfræði. Farið var í vettvangsferðir þar sem börnin voru að skoða form og tölustafi í umhverfi sínu. Einnig voru börnin í elsta hóp með reglulegar snjósmælingar, en það var mjög skemmtilegt verkefni. Ýmiss kennsluforrit í I-padinum var gott að nýta til að vinna með stærðfræðina og formin.

**Matstæki:** MIO-stærðfræðiskimun, Stærðfræði og hugtakapróf, gátlisti fyrir hvern aldurshóp.

**Endurmat:** Við erum mjög ánægð með MIO- stærðfræðiskimunarefnið sem við byrjuðum að nota á síðasta starfsári. Það hjálpar okkur við að meta hvar börnin eru stödd og hvar við þurfum að bæta í okkar kennslu. Við höfum sett okkur viðmið um hvað hver aldurshópur á að geta og finnst kennurum mjög gott að geta farið eftir þessum viðmiðum. Mat okkar er að við mætum tvívinna vísindi meira inn í stærðfræðikennsluna hjá okkur.

#### **4. Barnafundir**

Á Spilli voru Barnafundir á fimmtudögum, tvisvar sinnum í mánuði, en þá er sest niður og ýmis málefni rædd. Barnafundir er góð leið til að hjálpa börnum að læra um samstarf, að leggja fram sínar hugmyndir, að leita lausna og að sammælast. Það er einnig mikilvægur tilgangur með barnafundum, að gefa börnum þá tilfinningu að þau tilheyri hópi og að allir hafi eitthvað til málanna að leggja.

**Matstæki:** Fundarbók, en í hana er ritað það sem fram fer í tímanum og þær ákvarðanir sem eru teknar.

**Endurmat:** Áætlað hafði verið að hafa barnafundina þrisvar sinnum í mánuði, en það breyttist þegar við tókum inn Vináttuverkefni Barnaheilla. Barnafundir og Vináttuverkefnið voru því til skiptist á fimmtudögum. Við erum mjög ánægð með barnafundina okkar og teljum þá mjög mikilvæga til að þjálfra börn að takast á við málefni á lýðræðislegan hátt.

#### **Endurvinnsla og flokkun**

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er pappírs- og kertagerð og er það hluti af stefnu okkar varðandi náttúruna og umhverfið. Börnin læra að það er hægt að endurnýta hluti og búa til eitthvað nýtsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Börnin koma með kertaafganga og pappír að heiman og reglulega er unnið með þennan efnivið yfir veturinn. Í leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því. Á föstudögum er kassinn sóttur í eldhúsið og flokkað upp úr honum. Allur lífrænn afgangur er flokkaður frá og sett í sér tunnu sem Ísafjarðarbær útvegar, við höfum því hætt að vera með okkar eigin safnkassa á lóðinni.

**Endurmat:** Gaman væri að vera sjálf með safnkassa á lóðinni en þannig myndu börnin geta tekið betur þátt í moltugerðinni, en vandinn er samt sá að við höfum lent í því að minkur er að sækja í safnkassann. Það er missir af því að vera ekki lengur með safnkassann af því að þátttaka barnanna við moltugerðina er núna engin. Áður fyrir fóru börnin með moltufötuna út í safnkassann á hverjum degi og hjálpuðu til að róta í moltunni og fylgdust þannig með ferlinu. Við erum með það í skoðun að finna safnkassa sem er alveg lokaður til að koma í veg fyrir þann vanda að dýr sæki í hann. Börnin eru dugleg að flokka annað rusl og fara með flokkað rusl út í tunnuna okkar.

#### **Nám án aðgreiningar - sérkennsla**

Leikskólinn á að taka tillit til þarfa hvers barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Í allri kennslu ber að hlúa vel að sterkum hliðum hvers barns og nýta þær til

Þess að byggja upp þá þætti sem eru slakari, þannig byggjum við upp sterka sjálfsmynd hjá hverju barni. Það er stefna okkar að horfa til heiltækrar skólastefnu, sem felst í því að komið sé til móts við þroskahömlun barna inni á deild eða í litlum hópum. Þó teljum við að stundum sé þörf á að sinna sérkennslunni í ró og næði með einu til tveimur börnum í einu, t.d. þegar barnið á við framburðarerfiðleika að glíma eða þá að barnið eigi mjög erfitt með að einbeita sér í stórum hóp.

Gæta þarf þess sérstaklega að börn með sérþarfir öðlist félagslega reynslu til jafns við önnur börn og að þau séu eins virkir þátttakendur innan barnahópsins og kostur er.

Þegar barn þarf á sérkennslu að halda er útbúin fyrir barnið einstaklingsnámskrá, en hún felur í sér markmið sem hafa verið sett fyrir barnið og þær leiðir sem á að fara til þess að ná þessum markmiðum. Bæði eru sett fram langtíamarkmið og einnig skammtíamarkmið.

### **Samstarf leik - og grunnskóla**

Mjög gott samstarf hefur verið á milli leikskólans og grunnskólans og hefur ákveðin hefð skapast í því samstarfi. Markmið samstarfsins er fyrst og fremst að byggja brú frá leikskóla yfir í grunnskóla og skapa þannig samfellu í skólastarfinu. Við höfum haft það þannig að heimsóknir á milli leikskóla og grunnskóla byrja strax á haustönn. Gagnkvæmar heimsóknir eru einu sinni í mánuði á haustönn og fram í febrúar. Grunnskólabörnin komu tvisvar sinnum í heimsókn til okkar í leikskólann á tímabilinu og unnu verkefni hjá okkur. Leikskólabörnin fóru fjórum sinnum á tímabilinu í heimsókn í grunnskólann. Í mars byrjuðu elstu börnin í leikskólanum að fara í heimsóknir einu sinni í viku í grunnskólann og tóku tilvonandi grunnskólabörn þátt í öllum kennslutímum með 1. bekk. Þannig gafst þeim kostur á að kynnast skólastarfinu og tilvonandi samnemendum sínum. Það var Vilborg Ása Bjarnadóttir, kennari yngsta stigs, sem sá um að skipuleggja heimsóknirnar fyrir hönd grunnskólans.

**Endurmat:** Það er mat okkar að samstarf skólastiganna gangi vel fyrir sig og mikil jákvæðni er á báðum skólastigum um mikilvægi góðs samstarfs börnunum til heilla.

### **Sérkennsla**

Leikskólastjóri hefur sinnt þeim börnum sem hafa þörf á einstaklings sérkennslu. Áhersla er einnig lögð á að veita sem mestan stuðning inni á deildum. Flest þeirra barna sem fá sérstuðning, fá hann vegna mál- og/eða hegðunarerfiðleika. Síðasta haust rann út samningur við Tröppu en við höfum verið mjög ánægð með það samstarf. Ísafjarðarbær samdi þá við Dagný Annasdóttur talmeinafræðing sem hefur komið reglulega sl. vetur í skólann til okkar og verið með tíma með

fyrir þau börn sem þurfa talþjálfun. Í vetur voru sex börn sem fengu þjánuðu hjá talmeinafræðingi.

### **Skimunarpróf sem notuð eru í skólanum:**

- EFI- málþroskapróf, lagt fyrir öll 3 - 4 ára börn
- Hljóm-2 próf, lagt fyrir öll 5 ára börn
- Könnunarskimun í stærðfræðihugtökum, lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Tove Krogh teikniprófið – er lagt fyrir öll 5 ára börn.
- Hreyfiþroska gátlisti, lagt fyrir öll börn frá tveggja ára aldri.
- Tras- málþroskapróf, nýtt sem matstæki fyrir þau börn sem þessa þurfa.
- Félagakönnun, lagt fyrir öll börn á eldri deild, gefur okkur vísendingar um hvort eitthvert barn er útundan í barnahópnum.

### **Skóladaatal Tjarnarbæjar 2018-2019**

#### **Ágúst**

- 9. Opnum eftir sumarfrí
- 17. Leikjadagur
- 22. Bæjarferð

#### **September**

- 3. Hópastarf byrjar
- 7. Skipulagsdagur
- 8. Dagur læsis
- 16. Dagur ísl. náttúru
- 21. Ferðadagur
- 28. Ömmu- og afadagur

#### **Október**

- 5. Námskeiðsdagur
- 10. Foreldrafundur
- 12. Furðufatadagur
- 22. Foreldraviðtöl
- 23. Foreldraviðtöl
- 24. Foreldraviðtöl

- 25. Foreldraviðtöl
- 26. Bangsadagur

### **Nóvember**

- 2. Dótadagur
- 8. Baráttudagur gegn einelti.
- 9. Starfsmannafundur frá kl 13:00
- 11. Feðradagurinn
- 12. Pólsk hátíð
- 16. Dagur ísl. Tungu
- 20. Dagur mannréttinda barna
- 21. Doppóttur dagur
- 22. Röndóttur dagur
- 23. Köflóttur dagur
- 30. Íslensk hátíð

### **Desember**

- 1. Fullveldisdagurinn
- 4. Jólaföndur foreldrafélagsins
- 13. Jólaball
- 18. Bæjarferð

### **Janúar**

- 2. Starfsdagur
- 4. Dótadagur
- 6. Þrettándinn
- 18. Rafmagnslaus dagur
- 25. Bóndadagur/Þorrablót

### **Febrúar**

- 1. Dótadagur
- 6. Dagur leikskólans
- 8. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 15. Tælensk hátíð
- 22. Tónlistardagur

## **Mars**

- 1. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 4. Bolludagur
- 5. Sprengidagur
- 6. Öskudagur
- 18. Foreldraviðtöl
- 19. Foreldraviðtöl
- 20. Foreldraviðtöl
- 21. Foreldraviðtöl
- 22. Foreldraviðtöl
- 25. Litavika / gulur
- 26. Litavika / rauður
- 27. Litavika / grænn
- 28. Litavika / blár
- 29. Litahátíð

## **Apríl**

- 1. Sprelldagur
- 5. Dótadagur
- 12. Afmæli Tjarnarbæjar
- 23. Ensk hátíð
- 24. Sólarganga
- 26. Skipulagsdagur

## **Mái**

- 3. Dótadagur
- 9. Sveitaferð
- 12. Mæðradagur
- 16. Nígerísk hátíð
- 24. Starfsmannafundur frá kl. 13:00
- 26. Vorsýning
- 27. Dagur barnsins
- 28. Vorferð

## Júní

- 5. Myndlistasýning leikskóla Ísafjarðarbæjar
- 4. Útskrift
- 13. Útskrift
- 14. Starfsmannafundur kl. 13:00
- 12. Filippísk hátíð

## Júlí

- 5. Fjallganga
- 11. Sumarlokun.

Í skólanum okkar er alltaf líf og fjör og nóg að gera alltaf árið um kring. Hér á eftir verður stiklað á stóru er varðar þær uppákomur sem voru á síðasta ári.

Því miður var ekki farið í **berjaferð** þetta árið, þar sem það viðraði ekki vel til þess og við áttum erfitt með að koma því við. Þegar það eru **Ferðadagar** hjá okkur förum við í lengri gönguferðir og tökum stundum nesti með okkur. Vinsælt er að labba upp á Skothól eða labba út á flugvöll, að Markúsínu eða meðfram lóninu. Núna er búið að gera göngustíg fyrir ofan þorpið og eigum við eflaust eftir að nýta hann vel. Við vorum með sérstakan dag þar sem við buðum afa og ömmu velkomin í leikskólann og var boðið upp á hressingu. Vel var mætt og áttu allir góðan dag saman. Á **Furðufatadegi** mæta allir í furðulegum fötum og á **Bangsadegi** koma allir með bangsann með sér í leikskólann. Við höldum upp á dag þeirra landa sem tengjast leikskólanum hverju sinni, á sl. ári vorum við með **pólska-, tælenska-, filippíska-, nígeríska, enska og íslenska hátíð**, en þessa daga er boðið upp á þjóðlegan mat og dagurinn er tileinkaður hverju landi og flaggað er fána hvers lands. Við erum með **Litadaga** en þá eiga börnin að koma í viðkomandi lit í leikskólann, en einnig erum við með **Doppóttan-, Röndóttan- og Köflóttan dag**. Þann 16. nóvember ár hvert höldum við upp á **Dag íslenskrar tungu** með ýmsum hætti. Foreldrafélagið hefur verið með **Jólafondur** fyrir foreldra og börn, **jólaball** er haldið þar sem foreldrar koma og dansa í kringum jólatréð með börnum sínum og jólasveinar koma í heimsókn. Í ár fengum við líka **pólska jólasveininn** í heimsókn en hann kemur til byggða þann 6. desember. Í janúar erum við með **Rafmagnslausan dag**, þennan dag mæta börnin með vasaljós í skólann. **Porrablót** er haldið ár hvert, börnunum er boðið upp á þorramat að íslenskum sið og börnin eru með skemmti-og söngatriði. Á **Náttfatadegi** mæta allir í náttfötum í leikskólann. Þann 6. febrúar ár hvert er **dagur leikskólans** en markmiðið með deginum er að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. **Bollu-sprengi-og öskudagur:** Á bolludegi fá öll börnin

rjómabollur og fiski- eða kjötbollur í hádegismat. Á sprengidegi er boðið upp á saltkjöt og baunir. Á Öskudaginn má sjá alls kyns furðuverur hérna í leikskólanum. Eftir leik og gleði í leikskólanum er farið út og sungið í fyrirtækjum í bænum. **Sólarkaffi**, hefð er fyrir því að þann dag sem sólin skín inn um gluggann hjá okkur eru bakaðar vöffflur og hin langþráða sól er boðin velkomin aftur í þorpið okkar. **Grín og rugldagur** er haldinn í tengslum við 1. apríl. Við höldum upp á sumardaginn fyrsta með því að fara í **Sólargöngu**, við útbúum sólarhatta og syngjum sólarlög, Börnunum er boðið upp á pönnukökur þennan dag. Ár hvert er farið í **Sveitiferð** og fáum að skoða dýrin í sveitinni. Í ár var farið í heimsókn á Stað og skemmtu börnin sér vel í ferðinni. Á hverju ári erum við með **Vorsýningu** í leikskólanum og er hún haldin á laugardegi. Börn og foreldrar mæta því saman í leikskólann og upplifa sýninguna saman. Mætingin var góð og margir sem komu og heimsóttu leikskólann, en sýningin er opin öllum bæjarbúum. Foreldrafélagið sá um kaffisölu en ágóðinn af henni rann til foreldrafélagsins. **Vorferð elstu nema** er sameiginleg ferð útskriftarnema leikskólans og yngri bekkja grunnskólans. Þetta árið var farið í Náttúrugripasafnið í Bolungarvík þar sem vel var tekið á móti okkur og börnin fengu verkefni sem þau unnu á staðnum. Tími gafst til að hoppa smá á æslabelgnum á meðan nestið var borðað. Að lokum var farið í sundlaugina í Bolungarvík og þar var rennibrautin var óspart notuð. Í ár var sameiginleg **Listasýning** allra leikskólanna í Ísafjarðarbæ haldin í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði. Við áttum skemmtilega stund saman með öðrum leikskólabörnum í Ísafjarðarbæ, en eftir að hafa skoðað sýninguna var farið á hinn vinsæla æslabelg. Að lokum var komið við á Hamraborg og þar fengu allir sér pizzur. Það voru því södd og sæl börn sem komu heim eftir þessa ferð. Á **Systkinadegi** geta börnin boðið systkinum sínum í leikskólann, eða frænkum og frændum. Reglulega eru **hjóladagar** hjá okkur í leikskólanum. Þá koma börnin með hjólin sín og hjálma í skólann. Hjólað er innan lóðar og einnig er stundum farið út fyrir lóðina með kennurum til að æfa sig í umferðinni. Hefð er fyrir því að börnin komi fram opinberlega á Suðureyri, sýni leikþátt eða syngi fyrir viðstadda. Má þar nefna, Sunnuhlíð, 1. maí kaffi og sólarkaffið. Tilgangur okkar með því er að þjálfva börnin í því að koma fram. Foreldrar ráða því að sjálfsögðu hvort börn þeirra taki þátt eða ekki. Yfirleitt er þátttaka barnanna góð og eru börnin alltaf sínum leikskóla til sóma.

### Útskriftarathöfn elstu nema

Í ár var stór hópur sem útskrifaðist frá Tjarnarbæ eða 8 börn, þrír strákar og fimm stelpur. Það var nokkuð skrítin og blendin tilfinning að útskrifa svona stóran hóp í einu. Söknuður að því að öll þessi börn væri að hætta hjá okkur en einnig stolt yfir þessum stóra og flotta hóp sem við



höfum verið svo heppin að fá að leika og starfa með þessi ár. Á útskriftardaginn gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt og eftirminnilegt með útskriftarbörnunum. Markmiðið er að þau finni að þetta er þeirra dagur og eigi góðar minningar frá deginum. Útskriftin sjálf fór fram fyrir hádegi og var foreldrum og ættingjum boðið að vera viðstaddir. Lögð er áhersla á að hafa stundina sem hátíðlegasta. Börnin sungu nokkur lög fyrir foreldra sína og aðra þá sem voru á staðnum. Eftir það hófst formleg útskrift og foreldrar og ættingjar fylgdust með þegar börnin fengu útskriftarskjal og blóm frá leikskólanum. Eftir útskriftina buðu börnin upp á kaffi og súkkulaðiköku sem þau höfðu skreytt sjálf. Eftir hádegi var síðan farið í óvissuferð með útskriftarhópinn. Börnin fengu vísbindingar um hvert skuli haldið og var fyrsti áfangastaðurinn Íslandssaga. Þar var mjög vel tekið á móti okkur, börnin fengu að sjá allt vinnsluferlið og að lokum voru þau leyst út með stórum kassa af dýrindis fiski frá Íslandssögu og lifrarkæfu frá Fisherman. Síðan var haldið á veitingastaðinn Fisherman og þar var börnunum boðið upp á köku og kakó. Að lokum var farið með hópinn í sundlaug Suðureyrar. Það voru stolt og glöð börn sem komu heim eftir þennan dag. Útskriftardagurinn er stór dagur í lífi barnanna og mikilvægt að foreldrar, afar og ömmur taki þátt í honum og gleðjist með barninu. Eins er mikilvægt að kennarar skólans geri hann sem eftirminnilegastan fyrir börnin.

## **Mat á leikskólastarfi**

### **Innra mat:**

- Hljóm 2 - próf var lagt fyrir börnin í elsta árgangi. Hljóm-2 prófið kannar hljóðkerfis- og málvitund leikskólabarna. Prófið er talið hafa forspárgildi varðandi lestrarnám þegar í grunnskóla er komið. Niðurstöður úr prófinu fylgir barninu yfir í grunnskólann.
- EFI-2 málþroskaskimun var lagt fyrir börn á fjórða ári, prófið kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.
- Tove Krogh teikniprófið var lagt fyrir elstu börnin.
- Gátlisti fyrir 5 ára börn var lagður fyrir að hausti og vori. Listinn tekur til eftirfarandi þátta: fínhreyfinga, grófhreyfinga, stærðfræði, lestrarfærni og sjálfshjálpar.
- Gátlistar sem tóku mið af aldri barnanna voru lagðir fyrir börnin. Þarna er verið að skoða fín- og grófhreyfingar, félagsþroska, málþroskann og sjálfshjálpar. Farið var yfir niðurstöður með foreldrum í foreldraviðtölum.
- Mat leikskólabarna, börnin fengu tækifæri til að meta hvernig þeim líður í leikskólanum og í einstaka tímum. Matið er í því formi að börnin fá spurningarlista og eiga að lita broskall

eða fýlukall eftir því sem þeim finnst. Dæmi: Hvernig finnst þér útikennslan í dag? ☺ eða ☹  
Einnig teiknuðu öll börnin það sem þeim fannst skemmtilegt og leiðinlegast í leikskólanum.

- Félagakönnun var lögð fyrir börnin en hún getur gefið vísbendingar, ef eitthvað barn samlagast ekki barnahópnum og á erfitt með að eignast vini innan hópsins. Ef barn kemur illa út úr þessari könnun er henni fylgt eftir með atferlisathugun, til að kanna nánar hvað veldur einangrun barnsins frá hópnum. Könnun sem þessi getur gefur okkur vísbendingu um félagslega stöðu barnanna í hópnum.
- Endurmat starfsmanna á starfinu fer þannig fram að allir starfsmenn fylltu út sérstakt matsblað er varðar starfið í leikskólanum, hvernig gekk að halda áætlun, hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Á starfsmannafundum fer einnig fram óformlegt endurmat og einstakir þættir í skólastarfinu eru teknir út og þeir eru skoðaðir. Þetta óformlega endurmat er ekki síður nauðsynlegt og stuðlar að lifandi og skemmtilegu leikskólastarfi. Skipulagsdagar og starfsdagar eru nýttir til að endurmeta starfið.
- Allir starfsmenn fóru í starfsmannaviðtöl en boðið er upp á það einu sinni á ári. En í þeim er komið inn á þætti eins og álag í starfi, skipulag, hvað mætti bæta varðandi aðbúnað og skipulag.

### **Ytra mat:**

- Skólapúlsinn er lagður fyrir foreldra. En þar gefst foreldrum kostur á að meta gæði starfsins í leikskólanum. Markmið könnunarinnar er m.a. að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, daglegra viðfangsefna, áherslu í starfinu, skipulags og upplýsingaflæðis. Ákveðið var að leggja skólapúlsinn fyrir annað hvert ár. Hann var því ekki lagður fyrir þetta skólaárið.
- Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Fundað var með foreldraráði tvisvar á sl. starfsári.
- Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar, lögð var fram til kynningar, starfsáætlun fyrir árið 2018-2019, skóladagatal 2018–2019 og ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2017-2018.

### **Foreldrafélag og foreldraráð**

Á foreldrafundi í október 2018 var samþykkt að í stjórn foreldrafélagsins yrðu eftirfarandi foreldrar:

### **Í stjórn foreldraráðsins:**

Ólöf Birna Jensen, formaður

Svala Sigríður Jónsdóttir

Gísli Páll Guðjónsson

### **Í stjórn foreldrafélagsins:**

Ólöf Birna Jensen, formaður

Emilia Agata Górecka

Gísli Páll Guðjónsson

Gott samstarf hefur verið við foreldrafélag leikskólans og hefur myndast hefð fyrir því með hvaða hætti það kemur að starfsemi leikskólans. Á síðasta skólaári sá félagið um jólaföndur foreldra og barna fyrir jólin og einnig hefur félagið séð um veitingar á Vorsýningu leikskólans. Foreldrafélagið bauð einnig upp á leiksýningu í ár, en það voru þær Skoppa og Skríttla sem komu í heimsókn til okkar. Foreldrafélaginu er þakkað fyrir gott samstarf, enda er góð samvinna við foreldra lykillinn að farsælu leikskólastarfi.

### **Dægradvöl**

Leikskólinn býður upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk í leikskólanum eftir grunnskólann. Á sl. skólaári voru fimm börn sem óskuðu eftir dægradvöl í leikskólanum. Einnig geta foreldrar óskað eftir gæslu þegar starfsdagar eru í grunnskólanum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst nokkuð vel og er ekki annað að sjá en að fyrrverandi leikskólanemum finnist það vera góð tilfinning að koma aftur í leikskólann.

### **Samrekstur mötuneytis**

Rekið hefur verið sameiginlegt mötuneyti fyrir leik- og grunnskólann undanfarin ár. Fyrirkomulagið hefur verið á þann hátt að maturinn er eldaður í mötuneyti leikskólans og fluttur í þar til gerðum kassa yfir í grunnskólann. Í mataráskrift í grunnskólanum voru 23 börn og 3 kennarar.

### **Fjárhagsáætlun**

Fjárhagsáætlun stóðst.

### **Keypt þjónusta**

- Túlkaþjónusta, boðið eru upp á túlk á foreldrafundum- og viðtölum.
- Talmeinafræðingur, þjónusta keypt frá Dagný Annasdóttur talmeinafræðingi.

### **Viðhald í leikskólanum**

#### **Viðhald húss á sl. ári:**

- Settur var nýr dúkur á allt húsið og hiti var settur í gólfið á Gelti.
- Skipt var um innihurðar og gler var sett í hurðir á deildum.
- Leikskólinn var málaður að innan, Spillir, Göltur og fataklefar.
- Klárað var að setja upp loftplötur í loftið og elstu ljósunum skipt út.
- Salernið á eldri deildinni var tekið í gegn, skipt um vaska og dúk.

#### **Þau verkefni sem eru aðkallandi eru:**

- Yfirfara klæðningu á húsinu.
- Klára að mála innanhúss, það á eftir að mála starfsmannarými og sal.
- Mála húsið að utan.
- Skipta um gler í húsinu.

### **Viðhald lóðar á sl. ári:**

- Lóðin var slegin tvisvar sinnum í sumar á vegum Ísafjarðarbæjar. Að auki var hún slegin einu sinni í sjálfboðavinnu.

#### **Það sem brýnt er að gera á lóð er:**

- Setja þarf upp ljósastaura á lóðinni.

### **Viðhald innanstokksmuna**

- Ný ryksuga var keypt.
- Stólar fyrir nemendur.

Svava Rán Valgeirsdóttir  
Leikskólastjóri.